



Félagsmálastefna ÍBH





Markmið með stefnunni er að hvetja stjórn Íþróttabandalags Hafnarfjarðar (ÍBH) hverju sinni til þess að skipuleggja viðburði þar sem kynni og tengsl stjórnarmanna ÍBH, stjórnarfólks aðildarfélaga ÍBH, starfsmanna Hafnarfjarðarbæjar og stjórnámálamanna í Hafnarfirði eflast. Ennfremur hvetur ÍBH aðildarfélög sín til þess að halda viðburði þar sem félagsmenn koma saman til eflingar félagsfærni og skemmtunar, gera skal greinarmun á barnaviðburðum og fullorðins viðburðum. ÍBH leggur jafnframt áherslu á jákvæð samskipti, háttvísi, kurteisi, vellíðan allra, kennslu sjálfsvirðingar, kennslu í að bera virðingu fyrir öðrum einstaklingum, hópum og öllum íþróttagreinum, kennslu umburðarlyndis gagnvart ólíkum hópum í samfélaginu og uppbyggingu jákvæðrar sjálfsmyndar hjá aðilum innan íþróttahreyfingarinnar.





Aðgerðir eru m.a.:

- Að stjórn ÍBH haldi viðburð í tengslum við síðasta stjórnarfund ÍBH á kjörtímabili.
- Að stjórn ÍBH haldi a.m.k. tvo fulltrúaráðsfundi aðildarfélaga ÍBH á ári.
- Að ÍBH hvetji sveitarfélagið til að halda Íþrótt- og viðurkenningarhátíð Hafnarfjarðarbæjar árlega í lok árs.
- Að ÍBH hvetji aðildarfélög ÍBH til að halda upp á stórafmæli.
- Að stjórn ÍBH haldi upp á stórafmæli bandalagsins.



Takk fyrir að kynna þér félagsmálastefnu ÍBH

